

um sjómannatryggingar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Jón Árnason, Sverrir Júlíusson, Sigurður Ágústsson, Matthias Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd, sem athugi til hlítar, hvort ekki sé unnt að breyta núverandi sjómannatryggingum í eina heildartryggingu. Nefndin verði skipuð tveimur tryggingafræðingum og einum manni eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna. Jafnhliða verði athugað, ef slík breyting telst framkvæmanleg, hvort ekki sé grundvöllur fyrir, að heildartryggingin verði boðin út á frjálsum markaði.

#### Greinargerð.

Tryggingar sjómanna á íslenska fiskiskipafлотanum hafa á undanförunum árum þróast í þá átt, að þær eru nú þegar orðnar flóknari en svo í framkvæmd, að við verði unað, ef nokkur kostur er til úrbóta. Gerir framangreind tillaga ráð fyrir skipun þriggja manna nefndar, sem athugi möguleika til og geri tillögu um einfaldari framkvæmd þessara mála, ef fært þykir.

Eins og nú er, greiða útgerðarmenn tryggingariðgjöld vegna áhafna skipa sinna í sjö liðum, ef með eru talin sjúkrasamlagsiðgjöld, sjúkrasjóðsiðgjöld og atvinnuleysistryggingariðgjöld, og gripur hver tryggingin í mörgum tilfellum að meira eða minna leyti inn á svið annarra.

Tryggingar þær, sem hér um ræðir, eru: Í fyrsta lagi hin almenna lögboðna slysatrygging samkvæmt almannatryggingalögunum. Tekur trygging þessi til sjúkrahljálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta. Í öðru lagi samningsbundin 200 þús. kr. trygging á hvern skipverja. Tekur trygging þessi til dánarbóta og bóta vegna varanlegrar örorku. Í þriðja lagi samningsbundin ábyrgðartrygging að upphæð 1250 þús. kr. á skip, þó þannig, að ekki greiðist hærri bætur en 500 þús. kr. fyrir einstakling, hvort sem um örorku eða dánarbætur er að ræða. Og í fjórða lagi samningsbundnar tryggingar vegna fata og aflaverðmætis áhafnar.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Útvegsbændafélags Vestmannaeyja eru iðgjöld fyrir þessar tryggingar sem hér segir, og er þá miðað við 100 tonna skip með 11 manna áhöfn og 9 mánaða úthald:

1. Slysatrygging samkvæmt almannatryggingalögunum .....	kr. 26169.00
2. Samningsbundin 200 þús. kr. trygging á skipverja .....	— 16940.00
3. Samningsbundin ábyrgðartrygging .....	— 10460.00
4. Fatatrygging og trygging aflaverðmætis áhafnar .....	— 10000.00

Samtals kr. 63569.00

Iðgjöld vegna annarra tilgreindra trygginga, sjúkrasamlagsiðgjalda og fleira munu nema samtals um 22500 kr., miðað við sömu tölu skipverja og sama úthaldstíma skipa.

Flutningsmenn telja sjálfsagt, að athugað verði, hvort ekki sé unnt að gera tryggingar þessar einfaldari í framkvæmd með því að færa þær saman í eina heildartryggingu og þá um leið ódýrari, án þess að réttur hinna tryggðu verði í nokkru skertur. Telja flutningsmenn, að um tvær leiðir geti verið að velja í þessu sambandi: að hið almenna tryggingarkerfi landsmanna, almannatryggingarnar, taki að sér allar framangreindar tryggingar gegn einu ákveðnu iðgjaldi, eða að tryggingarnar verði boðnar út á frjálsum markaði sem ein heildartrygging.